

Héraðsnefndarfundur 4. maí 2017

Inngangur

Skólaárið 2016 – 2017 hefur tónlistarlega verið mjög gjöfult. Fjöldi frábærra tónleika og viðburða, mjög góður árangur á prófum og gott andrúmsloft í skólasterfinu, þar sem eljusemi og gleði hafa litað alla starfsemina.

Mig langar að þakka starfsmönnum fyrir frábært vinnuframlag, áhugasemi og jákvæðni.

Nýjungar í skólasterfinu

Hljóðfærakynningar.

Tónlistarskóli Árnésinga leitast við að vera í stöðugri þróun og endurskoðun á starfsemi sinni. Í vetur tengdist stærsta breytingin forskólakennslunni. Í stað fyrra fyrirkomulags var gerð tilraun með að heimsækja alla nemendur í 2. bekk í Árnessýslu og fengu allir bekkirnir (16 talsins) fjórar heimsóknir hver. Í hverri heimsókn kynntu tveir til þrír hljóðfærakennarar sinn hljóðfærahóp, en það voru málmblásturshljóðfæri, tréblásturshljóðfæri, strokhljóðfæri og loks píanó, slagverk, gítar og rytmísku hljóðfærin rafgítar og rafbassi. - Nemendur fengu að hlusta á hljóðfærin, fræddust örllítið um sögu þeirra og fengu loks að prófa þau.

Allir sem að komu (nemendur, grunnskólakennarar, skólastjórnendur grunnskólanna og tónlistarkennararnir) voru mjög ánægðir og jákvæðir gagnvart verkefninu. Stefnum við á áframhaldandi þróun næsta vetur, m.a. með því að fjölga heimsóknum úr fjórum í sex yfir veturinn. Með því móti mætti bæta inn tónfræðilegum atriðum og vera með samantekt í lokin.



Frá hljóðfærakynningum

Nýnemar - foreldrafræðsla.

Haustið 2016 fóru skólastjórnendur til Helsinki með Samtökum tónlistarskólastjóra (STS). Heimsóttu skólastjórnendur fjölda skóla og var mjög fróðlegt að kynnast finnsku tónlistarskólakerfi

og starfsemi skólanna. Einn þátt langar okkur að draga fram, en það er hvernig tekið er á móti nýnemum og foreldrum þeirra í upphafi tónlistarnáms. Þennan þátt langar okkur að taka inn næsta haust og bjóða foreldrum nýnema, 12 ára og yngri, að mæta í eina kennslustund áður en nýneminn hefur nám. Þannig má kynna foreldrum mikilvæg grunnatriði varðandi hljóðfærið og tónlistarnámið. Í aðra kennslustund mæta foreldrar með nemendum. Teljum við þetta geta orðið tónlistarnámi nýnemans lyftistöng og vera sérstaklega gagnlegt foreldrum með lítinn eða engan bakgrunn í tónlist.

Próf

Þegar þetta er ritað hafa verið tekin um 170 hljóðfæra/söngpróf (samræmd áfangapróf, innanskóla stigspróf og Suzukipróf). Meðaleinkunn á grunnprófum er 8,8 og 8,5 í þeim miðprófum sem tekin hafa verið, sem er frábær árangur.

Í vetur hafa tveir nemendur lokið framhaldsprófi og haldið framhaldsprófstónleika í hljóðfæraleik. Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir á blokkflautu í janúar og Jóhanna Rut Gunnarsdóttir á fiðlu í apríl.




Þá mun Eva Þorfinnsdóttir leika burtfarartónleika á fiðlu í Safnaðarheimili Selfosskirkju 10. maí kl. 20:00.

Tónleikahald

Eins og fram kom í upphafi yfirlitsins hafa verið haldnir margir mjög góðir tónleikar í vetur. Má sérstaklega benda á tónleikaröð sem haldin var á *Degi tónlistarskólanna* í febrúar. Á tónleikunum fór fram val á atriðum til þátttöku í *Nótunni*, uppskeruhátíð tónlistarskólanna. Við tókum upp þá nýbreytni í ár að fá foreldra til liðs við okkur við valið sem gafst mjög vel. Fimm atriði fóru frá Tónlistarskóla Árnesinga á svæðistónleika Nótunnar sem fram fóru í Salnum í Kópavogi. Stóðu allir nemendurnir sig með stakri þryði á tónleikunum. Kristín Viðja Vernharðsdóttir fékk viðurkenningu fyrir einleik á blokkflautu í grunnstigi og var hún valin til að taka þátt í lokatónleikum Nótunnar í Eldborgarsal Hörpu ásamt sex öðrum flytjendum. Á lokatónleikunum vann Kristín Viðja svo enn til verðlauna í sínum flokki – glæsilegur árangur!

(Sjá: <https://vimeo.com/channels/1227704> - atriði númer tvö)



Í mars voru í fyrsta sinn haldnir *miðdeildartónleikar* í skólanum þar sem nemendur í miðnámi (4. og 5. stigi) fengu tækifæri til að koma fram á sameiginlegum tónleikum. Áhugi á þátttöku var það mikill að halda varð tvenna tónleika sem voru hvor öðrum glæsilegri. Var mjög gefandi að heyra hve mikill þróttur var í nemendahópnum og flutningur þeirra til fyrirmyndar.

Hefðbundnir *framahaldsdeildartónleikar* voru haldnir í mars, að þessu sinni í Hveragerðiskirkju. Eiga nemendur og kennarar hrós skilið fyrir frammistöðuna sem var öllum til mikils sóma.

Þema vetrarins er *Kventónskáld*. Nýafstaðnir eru þematónleikar þar sem eingöngu voru flutt verk eftir kventónskáld. Tónleikarnir voru einstaklega skemmtilegir og ánægjulegt að heyra mörg frábær verk sem hafa verið fáséð á efnisskrám tónleika.

Framundan eru mjög áhugaverðir tónleikar, þ.e. flutningur á óperunni *Gilitrutt* eftir Þórunni Guðmundsdóttur sem flutt verður 17. maí kl. 18:00 í sal skólans Eyra­vegi 9 á Selfossi og 18. maí kl. 18:00 í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Þarna leiða saman hesta sína söngnemendur, eldri strengjasveit og blásarar úr röðum nemenda.

Kjarasamningar

Samningar FT við SNS voru loks undirritaðir 31. janúar 2017 eftir 15 mánaða samningsleysi. Kennarar í FT voru fegnir að losna úr þeirri vondu stöðu sem samningsleysið var, en ekki endilega ánægðir með niðurstöðuna eftir allan þennan tíma.

Rekstur skólans

Í framhaldi af undirritun kjarasamnings var lögð fram ný fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga fyrir árið 2017. Áætlaður kennslukostnaður árið 2017 er 259.165.353 kr. Til niðurgreiðslu kennslukostnaðar eru nýttar úr sjóði 8 millj. króna og eru framlög sveitarfélaga í Árnessýslu árið 2017 því 251.165.353 kr.

Bláskógabyggð hefur ákveðið að auka við kennslukvóta til að vinna á biðlista. Hækkar framlag þeirra frá og með ágúst 2017.

Haustþing STS

Samtök tónlistarskólastjóra (STS) undirbúa núna haustþing sitt. Áætlað er að heimsækja uppsveitir Árnessýslu að þessu sinni. Þegar þar að kemur þætti okkur vænt um að fá forsvarsmenn frá því sveitarfélagi þar sem þingið verður haldið, til að taka formlega á móti skólastjórunum.

Skólaslit verða á kennslustöðum sem hér segir:

Ey­rarbakki / Stokkseyri	Grunnsk. Stokkseyri	23. maí kl. 16:30
Flóaskóli	Þjórsárveri	24. maí kl. 16:00
Flúðir	Félagsheim. Hrunam.	23. maí kl. 16:30
Hveragerði	Hveragerðiskirkju	22. maí kl. 17:15
Kerhólsskóli	Félagsheim. Borg	2. júní kl. 13:00
Laugarvatn	Grunnskólanum	19. maí kl. 17:30
Reykholt	Félagsheim. Aratungu	22. maí kl. 17:00
Selfoss	Sunnulækjarskóla	24. maí kl. 18:00
Þjórsárskóli	Félagsheim. Árnesi	23. maí kl. 18:00
Þorlákshöfn	Ráðhúsinu	23. maí kl. 18:00

Blokkflautusveit til Hollands

Liður í því að efla hljómsveitastarf skólans er að taka þátt í æfingabúðum og fara í utanlandsferðir. Blokkflautusveit tónlistarskólans fer í fimm daga ferð til Hollands í byrjun júní. Á dagskrá eru m.a. tónleikar, námskeið og heimsókn til blokkflautusmiðs í Amsterdam. Það sem skiptir þó ekki minna máli er að nemendur kynnist vel og njóti samvista hver við annan.



Starfsmannamál

Lítill breyting er á starfslíði skólans næsta vetur. Ingibjörg Birgisdóttir fær ársleyfi til að fylgja maka sínum til Prag, en flytur aftur á Selfoss að því loknu. Ráðinn verður afleysingakennari í hennar stað næsta vetur og auglýst eftir kennara til að sinna viðbótarkennslu í Bláskógabyggð.

Ég hef tilkynnt formanni fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga að ég ætla að fara á eftirlaun 5. febrúar 2018. Ánnið sumarfrí dregst frá og mun ég því láta af störfum um næstu áramót, eftir 34 ára starf við skólann.

Róbert A. Darling
skólastjóri